

Að öllu þessu athuguðu þykir mega ákveða skaðabætur þær, er stefndur á að greiða stefnanda fyrir fjárhagstjón það, er hinar umstefndu greinar álitast hafa bakað Íslandsbanka, 20000 krónur. svo ber stefndum og að greiða stefnanda málskostnað, og ákveðst hann 75 krónur.

---

Miðvikudaginn 13. desbr. 1922.

Nr. 54/1922.

**Valdstjórnin**

(Guðm. Ólafsson)

gegn

**Jóni Gunnari Jónssyni**

(B. P. Kalman).

Brot á bifreiðarlögunum.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 20. sept. 1922:

Kærði, Jón Gunnar Jónsson, greiði 200 króna sekt í ríkis-sjóð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lög-reglurjettardómi, er það viðurkent af kærða, að hann hafi ekið mikið af leiðinni ljósalaust; kveðst hann að vísu hafa kveikt tvisvar á luktum bifreið-arinnar, en slókt þær aftur af því að honum hafi fundist »að ljósið verkaði eins og villuljós«. Þar sem dimt var orðið, er kærði var á ferðinni, var það skylda hans að hafa ljós tandrað, og afsökun hans hjer að lútandi verður ekki tekin til greina.

Hann hefir þannig auk brots þess á 6. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, er hann er dæmdur fyrir, einnig gjörst brotlegur gegn 3. gr. sömu laga.

Með þessari athugasemd, og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, þykir refsing sú, er kærði hefir til unnið, samkvæmt 13. gr. nefndra laga, hæfilega ákveðin í dómnum 200 kr. sekt, og þykir því mega staðfesta hann.

Kærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talið málfutningskaup til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Þvi dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað.

Kærði, Jón Gunnar Jónsson, greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstrjettarmálaflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Björns P. Kalman, 60 kr til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er af valdstjórnarinnar hálfu gegn Jóni Gunnari Jónssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis í Grettisgötu nr. 44 hjer í bæ, fyrir brot á lögum nr 88, 14. nóvember 1917, að hann hafi gjört sig sekan í athæfi því, er nú skal greina:

Að kvöldi hins 2. ágúst s. l., kl. á 11. tímanum, fór kærði

með bifreið þá, R. E. 185, er hann stýrði, frá Aurbæ til Reykjavíkur með 4 farþega, sem hann hafði boðið far með sjer, en bifreiðin R. E. 185 er eign Gísla J. Johnsen, konsúls, er notar hana til aksturs fyrir sjálfan sig.

Gekk ferðin vel þar til bifreiðin kom að trjebú, sem er á veginum í svonefndum Sogum innanvert við bæinn. Vegurinn er þar 5 metrar á breidd, en trjebúin 4,20 metrar, og er þannig dálítið bil milli enda brúarinnar beggja megin og vegkantanna. Á vinstri vegkanti — rjett út við brúnina — stóð bifreið, sem bilað hafði um daginn, og var hún í ca. 2,20 metra fjarlægð frá brúnni.

Eftir samhljóða framburði kærða og vitnauna, ók hann fremur hægt þar til hann kom að brekkunni fyrir utan Elliðaár (nær bænum). Herti hann þá á ferðinni, en kveðst þó aldrei hafa ekið með meiri hraða en 35 km. á klukkustund. Dimt var nokkuð um kvöldið, en kærði ók ljósalaust. Kveðst hann tvivegis hafa kveikt á luktum bifreiðarinnar, en slökt í bæði skiftin, þar sem sjer hefði virst ljósin „vera villuljós“.

Þegar kærði kom í nánd við brúna, ók hann á vinstri vegkanti. Kveðst hann þá hafa farið út á miðjan veginn, þar sem hann hafi munað eftir að brúin var ekki eins breið og vegurinn og síðan stýrt til hægri til að komast fram hjá bifreið þeirri, sem stóð á veginum. En þá hafi hann lent út í lausan vegkant og því snúið aftur til vinstri, en við það rakst vinstri öxullinn á frambjóli kærða á bifreið þá, er stóð á veginum, en við áreksturinn snerist stýrishjólið í höndum kærða til vinstri og lenti bifreiðin í sömu svipan út af vinstri vegkantinum. Eftir mælingum þeim, er lögreglan ljet fram fara fáum dögum seinna, reyndist vegalengdin frá því, sem bilaða bifreiðin stóð og pangað, sem bifreið kærða lenti út af veginum, að vera 20 metrar.

Tveir af farþegum þeim, sem í bifreiðinni voru, meiddust allmikið, svo og bifreiðarstjórnin, en hvorugur farþeganna hefir krafist skaðabóta fyrir meiðsli sín.

Kærði, sem ekki er upplýst að hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, hefir haldið því fram, að hann hafi keyrt með lögleyfðum hraða, þ. e. minna en 35 km. á klukkustund, og telur að slys þetta verði að telja hendingu, sem sjer verði ekki gefin sök á.

Á þetta getur rjetturinn ekki fallist. Þó hægt væri að telja að slysið hefði ekki orðið, ef bilaða bifreiðin hefði

ekki staðið á götunni, er það aðgætaði, að kærða, sem vissi af henni, bar skylda til að haga keyrslu sinni svo, að hann gæti klaklaust komist fram hjá henni, eins og fjöldi annara bifreiðarstjóra gerði þann dag, bæði á undan og eftir, þar sem óvenjuleg umferð var þarna um veginn vegna hátíðar, sem haldin var þann dag á Árbæ. Og bifreiðarstjóri hefir því að eins rjett til að keyra með 35 km. hraða á klukkustund, að hann alt að einu geti fullnægt öllum skyldum sínum, og í myrkri, eins og var þegar slysið átti sjer stað, má ekki keyra með meiri hraða en 15 km. á klukkustund. Framburður vitnisins Ásgeirs Ásgeirssonar bendir og til að hraði bifreiðar kærða hafi verið óforsvaranlegur, þar sem hann fann ástæðu til að skorða sig og aðra stúlkuna, sem hjá honum sat, áður en slysið vildi til, og komst þannig hjá að þau meiddust, og til hins sama bendir vegalengd sú, er bifreiðin rann frá því að hún rakst á biluðu bifreiðina og þar til hún rann út af veginum.

Framantalið afbrot kærða, sem 14. maí síðastl. hefir undirgengist fyrir lögreglustjóra, að greiða 150 króna sekt fyrir að aka bifreið ölvaður, heyrir að álitu rjettarins undir 6. gr. laga nr. 88, 14. nóvember 1917, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, með tilliti til 13. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 200 kr. sekt, er renni í rikissjóð.

Svo greiði kærði og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

